

Skólaráðsfundur 15. mars 2017

Mættir: Guðlaug Erla, Sigga, Marta, Hákon, Valborg og Bryndís.

### **Endurskoðun á skipulagi vegna nemendafækkunar og skólahverfismörkin**

Hröð nemendafækkun í Ingunnarskólahverfinu en þar næsta haust er gert ráð fyrir mikilli fjölgun í Sæmunarskóla. Ekki hefur verið vel tekið í fyrri hugmyndir um að færa hverfismörkin þannig að hingað kæmu allir nemendur sem búa við Þorláksgesla. Verið að vinna með hugmynd um að opna einhvefudeild/sérdeild í okkar skólahverfi. Útistofurnar koma ekki til greina í það því þær fara fljótlega (nema smíða/nýsköpunar stofur).

Skipulagið á skólabyggingunni er þannig að það virkar ekki vel þegar færri nemendur eru í umsjónarhópum. Hugmynd komin um að breyta þannig að 1. og 2. bekkur verði á sama svæði, 3. og 4. saman, 5. og 6. saman, 7. sér og unglingarnir sér eins og verið hefur. 7. bekkur færi þá á svæðið sem 1. bekkur er á núna. Kennarar þurfa að vera sveigjanlegir og færa sig á milli svæða ef þetta verður að veruleika.

Rætt um að taka aftur upp að valgreinar í unglingadeild verði sameiginlegar á milli Ingunnar- og Sæmundarskóla. Efla samveru á milli krakkann í hverfinu í félags- og íþróttastarfi þannig að þetta yrði auðveldara fyrir krakkanna.

### **Önnur mál**

Foreldrafélagið stóð fyrir fræðslukvöldi sem tókst vel og fleiri svoleiðs á dagskránni. Leynigestur á árshátíð unglunga og nammipoki á Öskudaginn í boði foreldrafélagsins. Spurning um að hafa fræðslukvöldin opin öllum í hverfinu og samvinnu milli foreldrafélaga skólanna um fræðslukvöld.

Hefur verið erfitt að fá bekkjarfulltrúa sem er sorglegt og þarf að finna góða lausn á því, t.d. með því að nota tímann á námskynningunum að hausti til að fá foreldra í þetta. 10. bekkjar nemendur voru mjög duglegir að ganga frá eftir jólaföndrið og fengu greitt fyrir.

Verið að velta fyrir sér hvort verið sé að útbúa íbúðir í verslunarhúsnæðinu þar sem bakaríið er.

Drög að skóladagatali fyrir næsta vetur lögð fyrir.

Fundarplan og verkefnalisti fyrir skólaráð 2016-2017